

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 1. september 2022  
Málsnúmer: 202208-0001  
IAS

## Efni: Umsögn um jarðstreng frá Þeistareykjum að Kópaskerslínu 1.

Við er til tölvubréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 3. ágúst 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um það hvort lagning jarðstrengs frá Þeistareykjum að Kópaskerslínu 1 beri að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð með fyrirspurninni og telur að þar sé vel gerð grein fyrir mögulegum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Leggja á nýjan 7,8 km háspenntan jarðstreng frá tengivirkinu á Þeistareykjum að mastri númer 172 í Kópaskerslínu 1 og tengja þannig Kópaskerslínu 1 við Laxá um jarðstreng fram hjá línukaflanum milli mastra 148-172, en talsverðar rekstrartruflanir hafa verið á línunni á þessum kafla. Jarðstrengurinn verður lagður í vegkant gamla Þeistareykjavegarins, nema hvað næst Þeistareykjum verður hann við hlið núverandi vegar og Þeistareykjalínu 2 á um 1,2 km kafla. Grafinn verður skurður sem er 80 cm á breidd í botninn og 120 cm á dýpt. Sanda þarf meðfram strengnum og er áætlað að þörfin fyrir aðfluttan sand sé um 5 000 m<sup>3</sup>. Þar sem það er hægt verður svarðlag ofan af skurði geymt og endurnýtt við uppgræðslu að framkvæmdum loknum.

Strengleiðin er öll á Skildingahrauni sem er nútímahraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Skildingahraun er yngra en 14 500 ára og á því er jarðvegs og gróðurhula svo lítið sést í hraunmyndanir. Nokkrir rishólar standa upp úr gróðurhulunni og sprungur eru áberandi í hrauninu en strengleiðin sneiðir frá þeim að mestu. Það er því ekki talið að rask verði mikið á jarðminjum.

Gróðri eru gerð góð skil og ekki eru í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar skráðar válistaplöntur á strengleiðinni. Aðfluttur sandur verður lagður meðfram strengnum og þarf að gæta þess að ekki berist framandi plöntutegundir með honum inn á svæðið.

Áhrif á fugla eru talin verða lítil og tímabundin á meðan á framkvæmdum stendur.

Strengleiðin fer ekki um nein svæði á náttúruminjaskrá, friðlýst svæði eða svæði á B-hluta náttúruminjakrár en nyrstu 350 m leiðarinnar eru innan fjarsvæðis vatnsverndar.

Ekki er líklegt að fullt umhverfismat muni bæta við fyrirliggjandi upplýsingar og því telur Náttúrufræðistofnun ekki þörf á að framkvæmdin fari í umhverfismat.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson,  
jarðfræðingur

